

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinám

Púkahljóðfæri

Leyfa þeim að ímynda sér og búa til eigin púka. Finna til ílát sem hægt er að loka og ákveða úr hverju púkinn á að vera. Getur t.d. verið úr leir, pappír eða einhverju öðru. Setja púkann ofan í ílátið og finna eitthvað sem hann getur borðað. Það má vera hvað sem er: hveiti, cheerios, hrísgrjón, hafrar eða eitthvað annað. Hægt að fara út að leita að mat eða í eldhúsið. Þegar efniviðurinn er kominn ofan í ílátið þá loka því og skreyta það, t.d. með því að mála eða líma á það. Þá eru þau búin að búa til hljóðfæri. Jafnvel hægt að gera fyrst tilraunir með alvöru hljóðfæri og velta fyrir sér hvaða hljóð púkinn gefur frá sér. Þá er líka hægt að fara út og reyna finna hljóð í umhverfinu sem gætu verið hljóðin sem púkinn gefur frá sér.

Stór og lítill

Hvað er að vera stór og hvað er að vera lítill? Hverjir eru stórir og hverjir eru litlir? Vinna með mismunandi sjónarhorn t.d. dýra og skordýra. Gera tilraunir með líkama okkar og gera okkur stór og lítill. Hvernig gengur það? Hvað gerum við til að verða stór og hvað gerum við til að verða lítill? Getum við breytt lögun okkar eins og púkinn? Gætum t.d. farið í jóga þar sem farið er í mismunandi dýrastellingar.